11. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri föstudaginn 13. desember 2019

Haldinn í Minjasafninu á Akureyri Aðalstræti 58 frá kl. 15:15-17:30

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Elísabet Ásgrímsdóttir, varaformaður og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar lesin og samþykkt.

2. Skáldahús – nýr samningur
   Lagður fram þjónustusamningur Akureyrarbæjar við Minjasafnið á Akureyri vegna Nonnahúss og Davíðshúss. Samningurinn er efnislega samhljóða fyrri samningi með vísitöluhækkun og gildir út árið 2020 eins og núverandi samningur Akureyrarbæjar við Minjasafnið. Samningurinn var samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2020 – seinni umræða
   Farið var yfir breytingar milli umræða.
   Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 124.280.000 kr og rekstrargjöld samsvarandi tala. Laun og launatengdgjöld eru stærsti einstaki útgjaldaliðurinn eða 85.260.000 kr.
   Samþykkt samhljóða.

4. Styrkumsóknir
   Safnstjóri kynnti þær umsóknir sem sendar voru í Safnasjóð og Uppbyggingarsjóð Eyþings. Ná umsóknirnar til safnastarfsins í heild, sýninga, safnfræðslu, símenntunar, útgáfu, rannsókna og varðveislu safngripa.

5. Gestakönnun RMF 2019.
   Lögð fram til kynningar könnun sem Markaðsstofa Norðurlands og Rannsóknarmiðstöð Ferðamála gerðu í sumarið 2019, *Söguferðaþjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum.* Minjasafnið, Nonnahús og Laufás tóku þátt í rannsókninni og komu afar vel út eins og söfnin í Eyjafirði í heild sinni.

6. Önnur mál.
   Safnstjóri kynnti væntanlega viðburði; Aðventukvöld 17. Desember í Minjasafninu og Nonnahúsi, Svartar fjaðrir í heild sinni 14. desember í Davíðshúsi.
   Safnstjóri kynnti væntanlega dagskrá á Barnamenningarhátíð 2020 sem saman stendur að myndasögunámskeiði og sýningu Lóu Hjálmtýsdóttur, brúðusýningu og brúðusmiðju frá Handbendi brúðuleikhúsi og skapandi tónlistarsmiðju. Á sumardaginn fyrsta er stefnt að því að bjóða ungu tónlistarfólki að taka yfir tónlistarsýninguna.

Fundargerð ritaði HÞE